

Nd.

479. Nefndarálit

[173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og breyt. á l. nr. 15 21. maí 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið fjallar aðallega um breytingar á tollum af vélum og tækjum, en við teljum of skammt gengið til lækkunar á þeim. Við flytjum því breytingartillögur á sérstöku þingskjali, að mestu samhljóða þeim, sem fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd Ed. báru fram þar.

Megintilgangur breytingartillagna okkar er að jafna tolla af ýmsum vélum og tækjum til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, en tollar af þeim eru misháir samkvæmt frv., eða frá 0 og upp í 25%.

Tillögur okkar eru t. d. um lækkun tolla á: Kæli- og frystivélum, vélum til fiskiðnaðar, lýssiskilvindum, flökunarvélum, dísilhreyflum 200 hð. og stærri, grafvélum, jarðýtum, heyblásurum, mjólkurvinnsluvélum, plógum, herfum, áburðardreifurum, ámoksturstækjum, heyvinnuvélum, vélum til kjötframleiðslu, vélum til brauð- og kexgerðar, vélum til matvæla- og efnaíðnaðar, málmvinnsluvélum, trésmíðavélum, steypuhrærivélum, prjóna- og saumavélum, sútunarvélum o. s. frv.

Þá flytjum við breytingartillögu um heimild til að endurgreiða toll af hreyflum minni en 200 hð., sem notaðir eru til súgurrkunar á sveitabæjum. Er þessi tillaga flutt eftir tilmælum Búnaðarfélags Íslands.

Það er megin stefna frv. að ákveða lægri tolla af vélum, sem notaðar eru til framleiðslu á útflutningsvörum, heldur en af öðrum vélum og tækjum. Við teljum þennan mun óeðlilegan, enda eru ýmsar vélar notaðar jöfnum höndum til framleiðslu á vörum til útflutnings og innanlandsnotkunar.

Við teljum þörf að gera viðtækari lagfæringar á tollskránni, en breytingartillögur okkar að þessu sinni eru eingöngu um þau atriði, sem nefnd eru í frumvarpinu.

Það er tillaga okkar, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem við flytjum tillögur um á sérstöku þingskjali.

Bréf, sem fjárhagsnefnd barst frá Búnaðarfélagi Íslands, er birt hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 13. apríl 1965.

Einar Ágústsson, Skúli Guðmundsson.
frsm.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 12. apríl 1965.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Á búnaðarþingi 1965 var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að gangast fyrir því við ríkisstjórn og Alþingi, að tollar og söluskattur af innfluttum landbúnaðarvélum, þar með taldar þungavinnuvélar til ræktunarsambanda, verði felldir niður og landbúnaðurinn búi við sömu kjör og sjávarútvegur og stóriðnaður, hvað þetta snertir. Enn fremur að lækka eða fella algerlega niður 35% tollinn af innfluttum varahlutum, er árlega þarf til þeirra véla, er landbúnaðurinn notar.“

Þann 23. marz 1965 sendi Búnaðarfélag Íslands ályktun þessa til landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra.

Er stjórn Búnaðarfélags Íslands hélt síðasta fund sinn þ. 7. apríl 1965, var komið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. Í því tilefni gerði stjórn Búnaðarfélags Íslands eftirfarandi bókun:

„Stjórnin samþykkir að fela búnaðarmálastjóra að kynna sér breytingar þær á tollskránni, sem nú liggja fyrir Alþingi, og ganga úr skugga um það, hvort atvinnugreinar landsins, landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður, sitja ekki við sömu kjör, að því er tekur til tolla af vélum, sem notaðar eru í þágu þeirra.“

Við athugun á tollskránni frá 1963, breytingum á henni frá 21. maí 1964 og breytingartillögum þeim, sem koma fram í stjórnarfrumvarpi því um breytingar á lögum nr. 7 29. apríl 1963, sem nú liggur fyrir Alþingi, kemur í ljós, að landbúnaðinum er að sumu leyti gert að greiða hærri tolla af vélum og tækjum en sjávarútveginum. Enn fremur er iðnaði þeim, sem vinnur úr landbúnaðarvörum, ýmist til neyzlu innanlands eða til útflutnings, ætlað að búa við hærri tolla á vélum en iðnaði, sem vinnur úr sjávarafurðum. Þetta skal rökstutt með eftirfarandi dæmi: Lægsti tollur á vélum, verkfærum og áhöldum til landbúnaðarins er 10%, en hærri á sumum vélum, eins og dísilhreyflum til að knýja súgþurrkunarblásara (35%) og jarðýtum (25%).

Sjávarútvegurinn fær að flytja inn báta án tolls, þar með taldar vélar í þeim, enn fremur fæst tollur endurgreiddur að fullu á vélar, sem fluttar eru inn og settar í nýja báta, smíðaða hér á landi. Einnig er mikið af alls konar tækjum vegna sjávarútvegsins í 4% tolli, eins og stýrisvélar, kraftblokkir, skipsskrúfur, áttavitar, dýptarmælar, ratsjár, síldardælur o. fl.

Eðlilegt væri, að ýmis tæki, vélar og verkfæri til landbúnaðarins væru í hliðstæðum tolli, svo sem hjóladráttarvélar, jarðyrkjuverkfæri og heyvinnuvélar og verkfæri.

Búnaðarfélag Íslands leyfir sér því hér með að fara þess á leit við háttvirtar fjárhagsnefndir Alþingis, að þær leggi til við hið háa Alþingi, að tollar á eftirtöldum vélum og verkfærum til landbúnaðarins verði lækkaðir í 4%:

Tollskrárnúmer:	Tegund:
84.11 01	Heyblásarar
84.22 05	Heyblásarar (til að færa til hey)
84.23 04	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar
84.24 01	Plógar
02	Herfi
03	Áburðardreifingar
09	Annað

Tollskrárn.:	Tegund:
84.25 02	Aðrar sláttuvélar
03	Upptökuvélar
04	Rakstrar- og snúningsvélar
09	Annað
84.26 01	Mjaltavélar
76.10 01	Mjólkurbrúsar
87.01 11	Hjóladráttarvélar
87.06 00	Hlutar og fylgitæki fyrir ökutæki þau, er teljast til nr. 87.01 11

Þá þarf að breyta 4. lið 2. gr. laga nr. 5/1964 á þann hátt, að upphaf hans orðist þannig:

Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar eða súgþurrkunar á sveitabæjum o. s. frv.

Enn fremur fer Búnaðarfélag Íslands fram á, að eftirtaldar vélar til iðnaðar úr landbúnaðarafurðum verði ekki hafðar í hærri tolli en 15%:

Tollskrárn.:	Tegund:
39.07 67	Mjólkurumbúðir
73.22 01	Tankar úr ryðfriú stáli
84.18 19	Skilvindur í mjólkursamlög
84.26 02	Mjólkurvinnsluvélar
09	Vélar og tæki til kjötvinnslu

Þá leyfir Búnaðarfélag Íslands sér að benda hinu háa Alþingi á, að óæskilegt sé, að tollur á vélum til hvers konar ullar- og skinnaiðnaðar skuli vera mun hærri en tollur á vélum til iðnaðar úr sjávarafurðum. Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt, er nú þegar flutt út nokkuð af unnum ullarvarningi og skinnavörum, og þessi útflutningur á fyrir sér að vaxa verulega, sérstaklega á unnum gærum og vörum úr þeim. Er því nauðsynlegt að búa eins vel að þessum iðnaði eins og öðrum útflutningsgreinum atvinnuveganna.

Samhljóða bréf er sent báðum fjárhagsnefndum Alþingis. Samrit af bréfinu er sent landbúnaðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu.

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.